

100
20. des. **Staðfesting konung** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðríðar Jónsdóttur og Guðbjargar Jónsdóttur“, gefin út á venjulegan hátt at mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. desember 1922.

Skipulagsskrá

fyrir

Minningarsjóð Guðríðar Jónsdóttur og Guðbjargar Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðríðar Jónsdóttur og Guðbjargar Jónsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af mjer undirrituðum 17. júní 1921 til minningar um móður mína Guðríði Jónsdóttur fædda að Gunnarsholti á Rangárvöllum 28. ágúst 1828, dána að Hvammi í Landsveit 30. nóv. 1919 og konu mína Guðbjörgu Jónsdóttur, fædda að Skarði 4. október 1864, dána að Hvammi 10. febrúar 1918 einnig í Landsveit.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að styrkja unga menn úr Landsveit, eldri en 14 ára, til þess að stunda nám á æðri alþýðuskólum í Landsveit eða annarsstaðar í Rangárvallasýslu, svo og þá aðra unga menn til náms á öðrum skólum, hvar sem er, er ætla sjerstaklega að leggja fyrir sig lýðkenslu.

4. gr.

Stofnfje sjóðsins er 500 krónur, og skal það ávaxtað í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans.

Skulu gjafir þessar jafnan leggjast við stofnfje. Stofnfjeð má aldrei skerða.

5. gr.

Alla vexti ber að leggja við höfuðstól, þangað til hann er orðinn 4000 krónur, að útborgunarskyldir verða $\frac{1}{2}$ vextir, og fer svo fram, þangað til höfuðstóllinn er orðinn 40000 krónur.

Þá mega stjórnendur sjóðsins breyta tilgangi hans á þann veg, að verja **100** vöxtunum til þess að standast kostnað við lýðskólalald í Landhreppi einum **20. des.** fyrir sig, eða annarsstaðar í Rangárvallasýslu, og skulu þá útborgunarskyldir $\frac{19}{20}$ hlutar vaxtanna, en $\frac{1}{20}$ hluti skal jafnan lagður við höfuðstól.

6. gr.

Hreppsnefndin í Landmannahreppi hefur á hendi stjórn og reikningsfærslu sjóðsins, og ber ábyrgð á því, að alt sje í góðri röð og reglu, sem honum kemur við, undir yfirumsjón sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu. Hreppsnefndin veitir og fje úr honum á sínum tíma.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

Fyrir janúarlök ár hvert skal hreppsnefndin senda sýslunefndinni reikninginn, er lætur rannsaka hann og leiðrjetta, ef með þarf. Þegar sjóðurinn tekur til starfa, skal ársreikningur hans árlega birtur á þann hátt, er sýslunefnd ákveður.

7. gr.

Þegar farið verður að brúka fje sjóðsins, ber hreppsnefndinni að vera í samvinnu við fræðslunefndina í hreppnum um úthlutun og meðferð styrktarfjárins samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Verði ágreiningur milli tjeðra hlutaðeiganda, skal sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hafa fulnaðarúrskurðarvald í málinu.

8. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Landmannahreppi.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af stofnanda sjóðsins með þeirri ósk, að leitað verði konunglegrar staðfestingar á henni.

Hvammi, 17. júní 1921.

Eyjólfur Guðmundsson.